

Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (27. mál).

Þann 4. janúar sl. óskaði velferðarnefnd eftir umsögn embættisins um ofangreint þingmál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga hefur verið unnið í nánu samstarfi við umboðsmann skuldara en embættið annast framkvæmd úrræðisins. Úrræðið hefur margsannað mikilvægi sitt sem skilvirk leið fyrir einstaklinga í verulegum greiðsluerfiðleikum til að fá úrlausn á fjárhagsvanda. Yfir 8.700 umsóknir hafa borist frá upphafi en á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón. Engin endurskoðun hefur fram á lögnum frá setningu þeirra árið 2010 en að mati embættisins er löngu tímabært að gera ákveðnar breytingar sem eru sérstaklega umsækjendum til hagsbóta. Embættið fagnar því mjög þeim breytingartillögum sem lagðar eru til. Mikilvægt er að löggjöfin þróist í takt við nýja tíma og breyttar þarfir umsækjendahópsins.

Markmið laganna er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Til þess að ná þessu markmiði þarf að semja við kröfuhafa eftir reglum laganna. Áður en umsækjendur fá heimild til að leita greiðsluaðlögunar fer fram mat hjá embættinu um hvort skilyrði séu uppfyllt til að hægt sé að samþykkja umsókn hlutaðeigandi. Þegar umsókn er samþykkt hefst tímabundin frestun greiðslna en í því felst að skuldara er óheimilt að greiða af kröfum sínum og kröfuhöfum er að sama skapi óheimilt að innheimta kröfur sínar meðan endurskipulagning fjárhags stendur yfir. Lögfræðingar embættisins eru umsjónarmenn greiðsluaðlögunarmála og annast samningaviðræður við kröfuhafa. Samningar um greiðsluaðlögun eru sérsniðnir út frá aðstæðum hvers og eins umsækjanda og geta falið í sér t.d. gjaldfrest á kröfum, breytt fyrirkomulag greiðslna sem og eftirgjöf krafna. Sé kveðið á um eftirgjöf í samningi er hún alla jafna ekki framkvæmd fyrr en að liðnu greiðsluaðlögunartímabili.


Embættið vill leggja áherslu á mikilvægi eftirfarandi breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu:

- Breyting á búsetu- og lögheimilisskilyrði. Ekki er lengur gert að skilyrði að búsetan erlendis sé tímabundin og vegna tilgreindra ástæðna. Einstaklingar sem eru ótímabundið búsettir erlendis geta leitað greiðsluaðlögunar vegna íslenskra krafna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem fela í sér að hægt sé að leysa fjárhagsvanda viðkomandi á Íslandi.
- Breyting á meðferð ákveðinna krafna sem standa utan greiðsluaðlögunar með það að markmiði að úrræðið verði heildstæðara. Með þessari breytingu geta kröfur á borð við virðisaukaskatt, fésektir og meðlagsskuldir orðið hluti af greiðsluáætlun samnings þrátt fyrir að ekki sé heimilt að kveða á um eftirgjöf á þeim. Þá verður jafnframt heimilt að kveða á um gjaldfrest á þeim að undanskildum fésektum. Einstaklingar þurfa þá ekki sjálfir að semja við hlutaðeigandi kröfuhafa.
- Kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánnum falli undir úrræði greiðsluaðlögunar. Með vísan til reynslu embættisins er mjög brýnt að greiðsluaðlögun taki til þessara skuldbindinga svo einstaklingar geti fengið úrlausn á fjárhagsvanda sínum. Líkt og rakið er í athugasemdum

- með frumvarpinu þá eru engar aðrar lögbundnar lausnir til staðar fyrir einstaklinga sem lenda í greiðsluferfiðleikum vegna þessara krafna.
- d) Breytingar á synjunarliðum. Árið 2023 voru 41% umsókna um greiðsluaðlögun synjað en vonir standa til að í kjölfar tilgreindra breytinga verði unnt að veita fleirum heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Þá er lagt til að embættið muni hafa skýra heimild til að samþykka umsókn, þrátt fyrir að grundvöllur fyrir synjun liggi fyrir, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Með sérstökum aðstæðum er einkum átt við veikindi eða erfiðar félagslegar aðstæður og ber embættinu að leggja heildstætt mat á hvert mál fyrir sig.
 - e) Breytingar á málsmeðferð er varða kröfuhafa. Embættið leggur mikla áherslu á þá breytingu að eingöngu þeir kröfuhafar sem lýstu kröfum fái afhent frumvarp til greiðsluaðlögunar. Ekki er talin þörf fyrir að senda þeim kröfuhöfum frumvarpið sem hafa engan andmælarétt gagnvart því. Er þessi breyting í samræmi við meðalhófsreglu varðandi vinnslu persónuupplýsinga.
 - f) Breytingar á meðferð veðskulda. Lagðar eru til mikilvægar breytingar á meðferð veðskulda þar sem embættið fær rýmri heimildir til að kveða á um lægri greiðslur af veðkröfum ef skuldari getur ekki greitt raunafborganir veðlána. Þá fær embættið heimild til að kveða á um gjaldfrest af veðkröfum en gildandi lagaákvæði heimila það ekki með skýrum hætti. Markmiðið með slíkum heimildum er að koma til móts við tímabundnar aðstæður skuldara eins og tekjuleysi eða sérstakar aðstæður á borð við hátt vaxtastig. Breytt greiðslufyrirkomulag er þó alltaf háð samþykki þeirra kröfuhafa sem hafa andmælarétt í greiðsluaðlögunarumleitunum. Það er einkar mikilvægt að löggjöfin mæti þeim aðstæðum sem nú eru uppi í þjóðfélaginu, m.t.t. verðbólgu og háas vaxtastigs. Þá er embættið mjög hlynnt nýjum málsmeðferðarákvæðum vegna yfirveðsetningar á fasteignum, þar sem einstaklingar geta óskað eftir lækkun á veðsetningu þannig að hún miðist við markaðsverðmæti fasteignar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
 - g) Breytingar á málsmeðferð vegna breytinga eða ógildingar á greiðsluaðlögunarsamningi. Lagðar eru til mikilvægar breytingartillögur sem eru skuldurum til hagsbóta, t.a.m. að skuldari geti óskað eftir því við umboðsmann skuldara að veittur sé gjaldfrestur á allt að þremur gjalddögum samkvæmt samningi án þess að breytingin sé borin undir kröfuhafa, ef upp koma sérstakar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem leiða til þess að skuldari getur ekki staðið við samning sinn. Þá er lagt til að embættið fái lagaheimild til að fá upplýsingar frá greiðslumiðlunarþönkum um vanskil samninga. Er það gert m.a. til að embættið geti haft samband við einstaklinga og veitt þeim ráðgjöf um rétt til breytingar á samningi. Þannig má forða einstaklingum frá því að samningar þeirra séu ógiltir.

Frumvarpið í heild sinni telst mikil réttarbót fyrir skuldara þar sem markmiðið er að gera málsmeðferð í greiðsluaðlögun skýrari og skilvirkari. Embættið vonast eftir skjótverkri afgreiðslu þingsins á umræddu þingmáli en telja má líkur á að ásókn í úrræðið verði meiri á komandi misserum.

Virðingarfyllst,



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara